

**482. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, þriðjudaginn 17. mars 2015  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Indriði Indriðason (II) formaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) 2. varamaður og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist nýjir liðir. Fundargerð Byggingar, -skipulags og umhverfisnefndar frá 16. mars. Einnig bættist við liður, Beiðni um styrk vegna grisjunar á skógi. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

**Dagskrá:**

**1. 1503027 - 94. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**

Fundargerð til kynningar.

**2. 1502008F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 7**

Tekin er til afgreiðslu Fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar. 7. fundur frá 16. mars 2015.

Fundargerðin er í 7 liðum og eru allir liðir teknir til afgreiðslu nema liður nr. 5, Önnur mál.

Jón Örn Pálsson vék af fundi við afgreiðslu á lið nr 4.

**2.1. 1502061 - Beiðni um framkvæmdaleyfi til efnistöku og efnisvinnslu í Hálfán.**

Tekið fyrir erindi Ólafs Sveinssonar, fyrir hönd Tak-Malbiks ehf. dagsett 10. febrúar 2015. Óskað er eftir framkvæmdaleyfi til efnistöku og vinnslu í Hálfán, meðfylgjandi er uppdráttur og greinargerð sem lýsa framkvæmdinni.

Málinu frestað.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-,skipulags og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

**2.2. 1411089 - Umsókn um byggingarleyfi - Norður Botn**

Umsókn um byggingarleyfi frá Dýrfisk hf, kt 700307-0450. Sótt er um leyfi til byggingar á 7636 m<sup>2</sup> fiskeldisstöð í landi Norður-botns II, landnr. 140294. Erindinu fylgja teikningar unnar af Vigfúsi Halldórssyni kt 100760-5849, dagsettar 06.11.2014.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis fyrir hús H1 og H3. Áður en hægt verður að gefa út byggingarleyfi fyrir hús H2 verður að liggja fyrir niðurrifsvottorð á matshl. 05, fastanr. 212-4282.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.  
Samþykkt samhljóða.

### **2.3. 1501068 - Umsókn um byggingarleyfi - Háanes**

Lagt fram til kynningar erindi frá GINGI teiknistofa varðandi fyrirhugaða umsókn um byggingarleyfi fyrir fóðurstöð á Háanesi í landi Stóra Laugardals.

Byggingarfulltrúa falið að svara bréfitara.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.  
Samþykkt samhljóða.

### **2.4. 1503018 - Umsókn um leyfi til að setja upp skúr yfir borholu vegna neysluvatns.**

Erindi frá Torfa Elís Andrésyni. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir garð- og smáhýsi á landi Gileyrar, landnr 140292. Erindinu fylgir riss.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir umsækjanda á að skv. gr.2.3.5 6-lið byggingarreglugerðar 112/2012 séu smáhýsi undir 15m<sup>2</sup> undanþegin byggingarleyfi. Þar kemur einnig fram að skilyrði sé að smáhýsi sé án vatnslagna, rafmagns og hitunar. Sé það ósk umsækjanda að fá smáhýsin skráð þurfa ítarlegri gögn að berast, uppáskrifuð af þ.t.b. aðila.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.  
Samþykkt samhljóða.

### **2.5. 1310027 - Önnur mál**

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

### **2.6. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.**

Í óveðri sem gekk yfir landið aðfaranótt 14. mars 2015 fauk hluti Strandgötu 28 á Tálknafirði. Þessi bygging mun vera í eigu Olíudreifingar ehf.

Til sveitarfélagsins hefur leitað eigandi húss er varð fyrir foki úr byggingu þessari og sagði farir sínar ekki sléttar. Plötur hefðu verið

fjúkandi úr húsinu en vindur staðið á heimili sitt. Einnig að þakið hefði lyfst, og voru aðilar úr björgunarsveitinni Tálkna á svæðinu og tryggðu að ekki yrði frekara tjón.

Óskað hefur verið eftir því áður að byggingin yrði fjarlægð áður en til svona ástands kæmi, en því hefur ekki verið sinnt.

Ákveðið er að gefa 20 daga frest til að fjarlægja bygginguna.

Að þeim tíma liðnum munu verða lagðar dagsektir á húseiganda þar til úr þessu hefur verið bætt og húsið rifið. Dagsektir eru ákveðnar 50.000 kr. fyrir hvern almanaksdag þar úr hafi verið bætt.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar.  
Samþykkt samhljóða.

### **2.7. 1501009 - Skipulagsmál - sameiginleg.**

Tekið fyrir erindi frá sveitarstjórn vegna sameiginlegrar vinnu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps við skipulagsmál.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tilnefni Lilju Magnúsdóttir sem fulltrúa nefndarinnar í samráðshópinn.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar.  
Samþykkt samhljóða.

### **3. 1503023 - Styrktarsjóður EBÍ 2015**

Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.  
Samþykkt samhljóða.

### **4. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem eru í vinnslu núna. Jafnframt kynnti sveitarstjóri stöðu á væntanlegum framkvæmdum í sumar.

### **5. 1405018 - Ofanflóðavarnir Tálknafirði.**

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að málinu.  
Samþykkt samhljóða.

### **6. 1503036 - Beiðni um stuðning vegna grisjunar á skógi.**

Í ljós þess að hér er um afar brýnt erindi að ræða þá samþykkir sveitarstjórn styrk að upphæð 350 þús.kr. til sógræktarfélags Tálknafjarðarhrepps. Jafnframt vill sveitarstjórn benda á að styrkbeiðnum ber að skila inn á hausti svo að það sé gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun. Sveitarstjóra er falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun

vegna umrædds styrks og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.  
Samþykkt samhljóða.

**7. 1502044 - Dunhagi - félagsheimili**

Sveitarstjóra falið ganga til samninga við kvenfélagið Hörpu um kaupverð  
á húsinu.  
Samþykkt samhljóða.

**8. 1503034 - Erindisbréf nefndar um sjálfbæra þróun.**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf.  
Samþykkt samhljóða.

**9. 1503035 - Umsögn um Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv. til laga um um fólksflutninga á landi.**

Til kynningar.

**10. 1503021 - Reykköfunarréttindi Brunavarnir Tálknafjarðarhrepps**

Til kynningar.

**11. 1503025 - Boðun XXIX, landþing sambandsins**

Til kynningar.

**12. 1503024 - Yfirlit yfir endanleg framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélag á árinu 20104**

Til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:40.**

---

---

---

---

---

---

---

---